



Icelandic Museum
of Natural History
Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík
S./Tel. 577 1800
nmsi@nmsi.is
www.nmsi.is

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 16. nóvember 2022.

Varðar: Umsögn Náttúruminjasafns Íslands um frumvarp til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími). Mál nr. 220/2022. Birt 15.11.2022.

Náttúruminjasafn Íslands fagnar framangreindu lagafrumvarpi sem felur í sér annars vegar aukið samráð milli ráðherra safnamála og safnaráðs og hins vegar aukið samræmi milli höfuðsafnanna þriggja hvað varðar skipunartíma forstöðumanna safnanna.

Tillagan um aukið samstarf milli ráðherra og safnaráðs er sprottin fram af ósk safnageirans og felur í sér aukið lýðræði og aukna fagmennsku í safnamálum landsins, sem ber að fagna.

Samræming á skipunartíma forstöðumanna höfuðsafnanna þriggja þess efnis að hann verði að hámarki tíu ár samfleytt er af hinu góða. Breytingin felur í sér aukið jafnræði meðal höfuðsafnanna, auk þess sem hollt er fyrir málaflokkinn í faglegu tilliti að takmarka hámarkslengd mögulegs skipunartíma forstöðumanns við tíu ár og bjóða upp á endurnýjun í forystu þessara mikilvægu menningarstofnana landsins.

Ákvæði um skipunartíma eins og lagt er til hér í umræddu lagafrumvarpi skyldi gilda um forstöðumenn allra ríkisstofnana landsins, enda skulu embættismenn skipaðir til fimm ára í senn, nema annað sé tekið fram í lögum (sbr. lög. nr. 70/1996, 23. gr., 1.mgr.).

Virðingarfyllst,

Hilmar J. Malmquist forstöðumaður.